

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar sýnt var í sumar, að Alþingi yrði ekki kallað saman fyrr en undir lok októbermánaðar og ljóst var, að starfstími fjárveitinganefndar, til afgreiðslu fjárlfrv. yrði enn skemmri en áður, var undirnefnd fjárveitinganefndar falið að hefja störf um miðjan okt. Þrátt fyrir þessi störf undirnefndar varðandi einstaka þætti fjárlagafrv., áður en þing kom saman, hafa nefndarfundir samanlagt verið mun færri en venjulega. Þetta teljum við að hafi leitt til þess, að störf nefndarinnar og undirbúningur ákvarðana hafi ekki verið sem skyldi.

Óvenjumörg veigamikil mál bíða 3. umræðu auk tekjuáætlunar, og er það ekki óvenjulegt að því er tekjuáætlun varðar, en ljóst er að vegna þess, hversu seint 2. umr. fer fram, gefst nefndinni mjög skammur tími til starfa fyrir 3. umr. Minni hl. nefndarinnar væntir þess, að samstaða geti orðið um að skipuleggja störf nefndarinnar með öðrum hætti á næsta hausti. Að okkar dómi gæti nefndin eða undirnefnd í ríkara mæli en áður unnið undirbúningsstörf varðandi fjárlagafrv., áður en þing kemur saman, jafnframt því að starfstími nefndarinnar eftir að fjárlagafrv. er lagt fram yrði betur nýttur en að þessu sinni.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 143 og 147, en minni hl. nefndarinnar hefur óbundnar hendur um einstakar brtt. og hefur áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Á síðasta fundi nefndarinnar var gerð grein fyrir hugmyndum Þjóðhagsstofnunar um nokkrar mismunandi tillögur um tekjuáætlun ríkissjóðs, þar sem heildartekjur eru áætlaðar 46 800—48 400 millj. kr. ettir mismunandi forsendum. Ekki verður ljóst fyrir en við 3. umr. hver verður niðurstaða í þessu efni. Enn fremur eru óafgreiddir útgjaldaliðir, sem munu hækka niðurstöðutölur frv. um eigi minna en 800 millj. kr. Má þar nefna sjúkratryggingar, lífeyristryggingar, niðurgreiðslur, Lánasjóð námsmanna, Lánasjóð sveitarfélaga, raforkumál o. fl., auk framlags til strandferða, sem samvinnunefnd samgöngumála gerir tillögur um. Er því margt óljóst um, hvernig að afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins verður staðið, og flytur minni hl. nefndarinnar ekki brtt. við 2. umr. a. m. k.

Með fyrsta fjárlagafrv. hægri stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að skattheimta ríkisins aukist á árinu 1975 um rúml. 16. þús. millj. kr. frá fjárlögum þessa árs og um 9 500 millj. kr. frá raunverulegri innheimtu í ár. Ljóst er að við afgreiðslu frv. hækka þessar tölur um 1 500—2 000 millj. kr., svo að skattheimta ríkissjóðs mun hækka um 52—54 þús. kr. á hvert mannsbarn á landinu á næsta ári, jafnhliða því að verðtrygging launa hefur verið afnumin með lögum.

Þessi risahækkun á fjárlögum, 17 500—18 000 millj. kr., er um 1 000 millj. kr. hærrí upphæð en heildarniðurstöðutölur fjárlaga voru árið 1972. Er þetta einkar athyglisvert, þegar haft er í huga, að fyrir u. þ. b. ári lagði núv. fjmrh. fram á Alþingi frumvarp um lækkun skattheimtu ríkisins um 4 300 millj. kr., en það gæti á árinu 1975 svarað til um 6 000 millj. kr. Lýsti núv. fjmrh. þá yfir því, að auðvelt væri að brúa bilið vegna þessa tekjumissis ríkissjóðs með sparnaði í rekstrarútgjöldum og minni framkvæmdahraða. Nú er hins vegar lagt til að skattheimta ríkisins verði aukin um nær 18 000 millj. kr. frá núgildandi fjárl. og um 11 000—11 500 millj. kr. frá raunverulegri skattheimtu á þessu ári. Er þó hluti af skattheimtu þessa árs umfram fjárlög til kominn vegna gengislækkunar og söluskattshækkunar hægri stjórnarinnar.

Í greinargerð með fjárlagafrv. er ekki svo mikið sem reynt að halda því fram, að minnsta tilraun sé gerð til þess að halda niðri rekstrarliðunum í frv. Enda hefur reyndin orðið sú, að þeir útgjaldaþættir sem falla undir liðinn önnur rekstrargjöld,

hækka meir en almennt verðlag í landinu. Er þó í þeim samanburði ekki reiknað með sérstökum áhrifum olíuverðshækkunar á rekstur skipastóls ríkisins og sérstakri hækkun á pappírs- og prentkostnaði hjá Ríkisútgáfu námsbóka umfram almennar verðlagshækkunarir.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1974 var gert ráð fyrir heildarhækkun eiginlegra útgjalda ríkissjóðs um 26.6%, en útgjaldaþátturinn önnur rekstrargjöld hækkaði um 20.2% eða 24.1% minna. Þegar þeir, sem mestu lofuðu um samdrátt rekstrarútgjalda, leggja nú fram fyrsta fjárlagafrv. hægri stjórnarinnar, er gert ráð fyrir, að á árinu 1975 hækki eiginleg rekstrarútgjöld ríkissjóðs um 47.7%, en útgjaldaliðirnir önnur rekstrargjöld um 65.7%, eftir að þó hafa verið dregin frá áhrif þeirra sérstöku hækkana á olíu og prentkostnaði, sem áður er getið. Þannig er nú gert ráð fyrir að liðurinn önnur rekstrargjöld hækki um 37.7% meir en eiginleg útgjöld ríkissjóðs í heild.

Þetta eru efndirnar á því fyrirheiti að draga úr þenslu ríkisútgjalda. Svo langt er gengið í að þenja út rekstrarútgjöldin, að flokksbróðir fjmrh., borgarstjórinn í Reykjavík, sem hefur fengið orð fyrir annað en aðhaldssemi í rekstri, hælist nú um í málgagni Sjálfstæðisflokksins þegar hann ber saman hækkun rekstrarútgjalda í fjárlagafrv. ríkisins og í fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir næsta ár og vekur sérstaka athygli manna á því, hversu mikill munur sé á.

Þegar heildarútgjöld og fyrst og fremst rekstrarliðir hækka meir en nokkru sinni hefur áður þekkt, hækka framkvæmdaliðir að sama skapi minna en áður. Fjárlög hækkuðu um 6 921 millj. kr. frá 1973—1974, þar af hækkuðu framkvæmdaliðir um 2 110 millj. kr. eða námu 30.5% af heildarhækkuninni. Reikna má með að niðurstöðutölur fjárlaga hækki að þessu sinni um 17 500 millj. kr. og samkv. fram komnum brtt. munu framkvæmdaliðir hækka um 2 600 millj. kr. frá fyrra ári, þ. e. hækkun framkvæmdaliða nemur um 14.9% af heildarhækkuninni. Með öðrum orðum: hækkun framkvæmdaliða er um 51% lægri hluti af heildarhækkuninni en við afgreiðslu nügildandi fjárlaga.

Í grg. með fjárlagafrv. er því lýst sem sérstöku stefnumiði ríkisstjórnarinnar að draga úr verklegum framkvæmdum ríkisins, þ. e. framlögum til ýmissar uppbyggingar úti á landsbyggðinni, einkum í því skyni að minnka það, sem stjórnarflokkarnir kalla þenslu á vinnumarkaðnum. Þessari stefnu hafa sjómannasamtökin í landinu lýst sem tilraun stjórnarflokkanna til þess að draga svo úr atvinnu, að menn verði knúnir til þess, vegna skorts á atvinnu í landi, að fara í skipsrúm fyrir þau launakjör, sem ríkisstjórnin hefur gert algerlega óviðunandi með sérstökum lagasetningum.

Að nokkru leyti hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. gefist upp við að knýja þessa samdráttarstefnu fram í þeim mæli sem ætlað var í fjárlagafrv. Þó er ljóst, að enn er ríkjandi sú stefna að mæta nokkuð auknu framlagi í Bygðasjóð með því að draga í staðinn úr framlögum ríkissjóðs til ákveðinna framkvæmdaþátta. Kemur sá samdráttur niður á mjög mikilsverðum þáttum, svo sem hafnargerð, þar sem um 21% skortir á að framlög haldi raungildi, og flugvallagerð, þar sem framlög þyrftu að vera um 36% hærri til að halda sama raungildi og í ár.

Á sama tíma og dregið er úr þessum mikilsverðu framkvæmdum úti á landi hefur ríkisstjórn Sjálfstfl. og Franssóknarf. samið um stórfellda fjárfestingu á Keflavíkurflugvelli, og í bígerð er milljarða króna fjárfesting vegna stóriðju í nágrenni Reykjavíkur.

Jafnframt lækkun á framkvæmdagildi fjárveitinga til hafna, þegar þörfin er brýnni en nokkru sinni fyrr vegna hins nýja skuttogarafloata, sem dreifður er á útgerðarstaði um allt land, er svo á málum haldið, að engar lánveitingar hafa farið fram úr Hafnabótasjóði á þessu ári. Enda þótt hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerð hafi verið aukinn með ákvæðum hafnalaga frá 1973, er hagur flestra hafnar-sjóða á þann veg að óhjákvæmilegt er að mál þeirra verði tekin til sérstakrar meðferðar, svo að sveitarfélögunum verði gert kleift að standa straum af sínum hlut við framkvæmdirnar. Slíka fyrirgreiðslu, lánsútveganir og hein framlög umfram

75% þátttökuhluta ríkissjóðs ber að veita fyrir tilstilli Hafnabótasjóðs með enn frekari eflingu hans.

Þessi skoðun minni hl. fjvn. virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá núv. stjórnvöldum, ef dæma skal eftir samdrætti á fjárveitingum til hafnarframkvæmda og yfirlýsingum af þeirra hálfu um, að eftir að hlutur sveitarfélaga er takmarkaður við 25% framkvæmdakostnaðar eigi þau að geta séð um sinn hluta upp á eigin spýtur.

Ein stefnuyfirlýsing ráðherra hægri stjórnarinnar fjallaði um stóraukin hlutverklegar menntunar. Við afgreiðslu fjárlaga sér þessa fyrirheits hvergi stað. Framlög til iðnskóla, eftir afgreiðslu í fjvn., þyrftu að vera 41% hærri en raun ber vitni til þess að halda óbreyttu framkvæmdagildi. Í fyrsta skipti síðan Fiskvinnsluskólinn tók til starfa eru ekki veittar til hans þær fjárhæðir, sem skólanefnd telur óhjákvæmilegar til nauðsynlegrar uppbyggingar. Fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. er enn ekki séð, hvernig húsnæðismálum Tækniskólans reiðir af, og framlög til Sjómannaskólahússins eru lækkuð úr 26.3 millj. kr. í ár í 3 millj. kr. á næsta ári og þar með ákveðið að stöðva framkvæmdir. Á móti öllum þessum niðurskurði koma efndirnar á fyrirheitunum í því einu að hækka framlag til námsskrárgerðar fyrir iðnfræðslu um 5 millj. kr. á 47 þús. millj. kr. fjárlögum, en um 6 millj. kr. eru þó skornar niður af beiðni viðkomandi aðila um framlag í þessu skyni.

Við afgreiðslu fjárlaga er ljóst, að efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, sem hún þóttist standa að til að hamla gegn verðbólgu, hafa engan árangur borið í því efni. Eftir stendur kjaraskerðingin einber: afnám vísitölubóta á laun, en látlaus hækkun vöruverðs og þjónustugjalda.

Frá ágústbyrjun og fram í miðjan des. hefur framfærsluvisitala hækkað um tæpl. 20%. Framundan eru verulegar verðhækkningar, t. d. mun við afgreiðslu fjárlaga varðandi málefni Pósts og síma verða gert ráð fyrir um 35% hækkun gjaldskrár hjá stofnuninni. Þessi stefna ríkisstjórnar í verðlags- og kjaramálum veldur stórlækkun kaupmáttar launa. Af sérstakri harðýðgi er þessi stefna rekin gagnvart þeim þjóðfélagsþegnum, sem við erfiðust kjör búa og eiga lífskjör sín alfarið undir ákvörðunum stjórnvalda, þeim ellilífeyrisþegnum og öryrkjum sem engar tekjur hafa aðrar en tekjutryggingu úr almannatryggingum. Frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hefur verðlag hækkað um 20%, en tekjutrygging hefur aðeins verið hækkuð um 10% og almennur elli- og örorkulífeyrir um 6%. Verðlag mun enn halda áfram að hækka, en við fjárlagaafgreiðslu er ekki gert ráð fyrir frekari hækkun bóta, nema ef vera kynni að stjórnarflokkarnir fengjust til að hækka bæturnar um 3% þegar slík umsamin hækkun launa kemur til framkvæmda 1. mars n. k.

Stjórnarflokkarnir stefna því að enn frekari rýrnun lífeyris þess fólks, sem erfiðast á í þjóðfélaginu.

Ljóst er, að ekkert samræmi er í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórnarinnar og aðgerðum í kjaramálum til minnkunar eftirspurnarþenslu annars vegar og hins vegar á þeim forsendum sem tekjuhlið fjárlaga er byggð á til þess að hún standi undir risahækkunum á rekstrarkostnaði ríkisins.

Til þess að afla 17—18 þús. milljóna króna með viðbótarskattheimtu umfram áætlaðar tekjur á nügildandi fjárlögum er m. a. byggt á:

1. Viðskiptahalla, sem gæti numið 10 milljörðum króna.
2. Erlendu neysluláni, sem nemur milljörðum króna, til að geta tryggt stjórnlausan innflutning, sem dugi ríkissjóði við öflun stóraukinna neysluskatta til að standa undir útþenslunni í ríkisrekstrinum.
3. Minnkun vörubirgða útflutningsvöru, sem til er í landinu.
4. Í ríkissjóð renni þær stórauknu skatttekjur, sem fást af innflutningsgjöldum og söluskatti vegna sérstakrar hækkunar á verði bensíns og olíu, þvert gegn fyrri kröfum Sjálfstfl. um, að þessi sérstaka skattheimta renni í Vegasjóð.
5. Metágóða (3600 millj. kr.) af sölu áfengis og tóbaks, þótt verð þeirra vara sé hækkað samtímis minnkuðum kaupmætti launa.

6. Síðast en ekki síst notar Sjálfstfl. og Framsókn þá aðferð til þess að teygja saman endana á fjárlögum að draga úr lífeyrisgreiðslum öryrkja og gamalmenna miðað við þær upphæðir, sem verja þyrfti úr ríkissjóði til almannatrygginga, ef lífeyrir þessa fólks ætti að vera jafngildur að kaupmætti og verið hefur hin síðustu ár.

Mesta hækkun á rekstrarliðum fjárlaga, sem um getur, og tekjuáætlun, sem byggir á stórfelldum viðskiptahalla, erlendum neyslulánum og birgðarýrnun, stuðlar ekki að því efnahagslega jafnvægi sem fjármálaráðherra telur sig í grg. með fjárlagafrv. stefna að. Hann er í stefnumiði sínu að visu stórtækari en fyrirrennarar hans, sem hafa látið sér nægja að kljást við vandamálin á hólmanum okkar, því að hann sagði m. a. í fjárlagaræðu sinni: „Því ber jafnan að haga meðferð opinberra fjármála þannig, að stutt sé að jafnvægi innanlands og utan.“

En hætt er við, að afgreiðsla risafjárlaga ríkisstjórnarinnar með þeim hætti, sem að er stefnt, færi fjármálaráðherra ekki nær því marki að koma á efnahagslegu jafnvægi í íslenskum þjóðarbúskap, þótt afdrif umfangsmeiri fyrirætlana hans á því sviði séu látin liggja milli hluta.

Alþingi, 14. des. 1974.

Geir Gunnarsson,
frsm.

Jón Árm. Héðinsson.

Karvel Pálmason.